

141 á brúarefni því, sem á að flytja upp að brúarstöðinu í haust og á vetri komanda, og við annað, er brúargjörðina snertir.

Fleiri mál komu eigi til umræðu á þessum fundi.

Akureyri, 12. dag oktblm. 1881.

J. Havsteen,
settur.

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

142 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um eitrad fataefni. — Frá 13. sept. amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu meðtók ráðgjafinn sýnishorn af 4 ströngum af tvennskonar fataefni, sem komið höfðu til Seyðisfjarðar með skonnortunni «Merkúr» og skipstjóra Wathne og voru kyrrsettir þar af sýslumanninum í Norður-múlasýslu, og hafði Wathne skipstjóri játað fyrir honum, að strangarnir hefðu verið sjer afhentir til sölu af Tobiesen kaupmanni í Mandal. Síðan voru sýnishorn þessi rannsökuð í hinni efnafræðislegu verksmiðju V. Steins, og kom frá honum skýrsla um það, að báðar tegundirnar hefðu inni að halda eitur (arsenik), og er það talsvert í annari, en mjög lítið í hinni tegundinni.

Ráðgjafinn hefir svo í dag skrifað utanríkisstjórninni og mælt til þess, að hún gerði hlutaðeigandi norskum yfirvöldum kunnar tiltekjur nefnds kaupmanns Tobiesens og Wathnes skipstjóra með tilliti til þess, að þeir ætluðu að selja vörur þessar á Íslandi, og einnig skotið því til hinna norsku yfirvalda að sjá um, að mál þetta yrði rannsakað, og fyrgreindir menn dregnir til ábyrgðar.

Um leið og yður, herra landshöfðingi, er skýrt frá þessu í sambandi við brjef hjoðan frá 1. júlí þ. á. og svo að þjer birtið það amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu, er þjónustusamlega skorað á yður þóknanlega að annast um, að fataefni það, sem hjer er um að ræða, verði fyrst um sinn í geymslu valdstjórnarinnar.

143 — Brjef yfirstjórnar póst- og telegraphmálanna til landshöfðingja um sendingu 29. sept. pósthögglanna til utanríkislanda. — Eptir að pósthúsin í Reykjavík, Akureyri, Ísafirði, Stykkishólmi og Seyðisfirði hafa samkvæmt brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 27. apríl þ. á. til ráðgjafans fyrir Ísland, er hingað hefir verið sent, verið tekin í tölu þeirra pósthúsa, er geta tekið þátt í póstflutningi höggla þeirra, er røðir um í samþykktinni frá 3. nóvbr. 1880, skal yfirstjórnin jafnframt því að senda nokkur exempl. af «Officielle Meddelelser» nr. 27—1881 með tilheyrandi fylgiskjölum um framkvæmd nefndrar samþykktar, svo og 2 sjerstaka samninga, er gjörðir hafa verið við Svíþjóð og Noreg, leiða athygli yðar að ákvörðunum þeim, sem þar (í V. kafla) eru um sendingu pósthögglanna milli Íslands og landa þeirra, er tekið hafa þátt í Parísarsamþykktinni. Samkvæmt þessu ber fyrir höggla án tiltekinna verðupphæðar allt að 6 pundum að þyngd og sem fullnægja fyrirmælum Parísarsamþykktarinnar, að því er ummál þeirra snertir, og sendir eru frá Íslandi til landa þeirra, að undantekinni Svíþjóð og Noregi er tekið hafa þátt í optnefndri samþykkt, að greiða burðareyrisupphæðir þær, sem getur um í burðargjaldsskránni fyrir 10 punda höggla frá Danmörku til útlanda; af þessum burðareyri hlýtur hin íslenska póststjórn hluta þann, sem Danmörku er ákveðinn, en utanríkis-

hlutinn endurgelzt dönsku póststjórninni. Fyrir slíka böggla frá Íslandi til Svíþjóðar og Noregs skal greiða upphæðir þær, sem tilfærðar eru í skránni yfir dansk-sænsk og dansk-norska böggla og hlýtur sömuleiðis af þeim íslenzka póststjórnin hinn danska hluta, en danska póststjórnin utanríkishlutann. Fyrir pósthöggla (colis postaux) frá útlöndum til Íslands fær íslenzka póststjórnin ekkert.

Eins og sjest af því, sem að ofan er tekið fram, hefir verið álitid rjettast að láta hina sjerstöku samninga, er gjörðir hafa verið við Svíþjóð og Noreg, svo og Þýskalands, einnig gilda fyrir Ísland, þó að 36 a. uppbót sú, fyrir böggulinn, sem heimiluð er í Parísarsamþykktinni, hafi verið færð niður, að því er nefnd lönd áhrærir, með tilliti til Þýskalands lækkuð ofan í 27 a. fyrir böggulinn og með tilliti til hinna skandinavísku landa verið breytt í uppbót fyrir hvert pund; en yfirpóststjórnin hefir á hinn bóginn álitid, að eigi beri að láta burðareyrisupphæðir þær, sem ákveðnar eru með tilliti til Þýskalands, Svíþjóðar og Noregs, án þess að bætt hafi verið við ísl. burðareyri, gilda um aðra böggla milli Íslands og þessara landa enn þá, er ákvarðanir Parísarsamþykktarinnar geta átt við um. Allar ísl. böggulsendingar ber eins og að undanförmu að senda yfirpóstmeistararum í Kaupmannahöfn með póstsendingaskrá.

Að lyktum skal vekja athygli yðar á því, að sjerstakt form er fyrirskipað fyrir tilvísunarbrjef og tollyfirlýsingar með bögglum þeim, er getur um í samþykktinni frá 3. nóvbr. 1880 og fylgja hjer með nokkur exempl. af tilvísunarbrjefum þeim og tollyfirlýsingum, sem prentuð hafa verið til afnota á hinum dönsku pósthúsum.

— **Brjef landshöfðingja til biskupsins um aðsetursstað prestsins á Akureyri.** — 144
Með heiðruðu brjefi frá 8. þ. m. hafið hjer, herra biskup, sent mjer brjef prófastsins í Eyjafjarðarprófastsdömi frá 23. f. m. ásamt erindi með 4 fylgiskjölum, þar sem presturinn á Akureyri fer þess á leit, að honum verði leyft að búsetja sig í Hvammi, sem er jörð ein örskammt frá Akureyri og hefir bæði prófasturinn og þjer, herra biskup, sterklega mælt með beiðni þessari. 10. okt.

Fyrir því vil jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlútaðeigöndum, það sem hjer segir.

Þar eð með konungsráskurði frá 29. júní 1860 er ákveðið, að þegar búid sje að byggja hina nýju kirkju á Akureyri, verði prestur sá, er veitt verður Hrafnagilsbrauðid, skyldaður til að búa á verzlunarstaðnum eða rjett í grennd við hann, eptir því sem biskupinn nákvæmar ákveður; — þar eð þjer, herra biskup, í nefndu brjefi yðar lýsið yfir því, að presturinn að yðar áliti sje einkar vel settur í Hvammi; — þar eð enn fremur á almennum borgarafundi, er haldinn hefir verið 19. þ. m. á Akureyri um þetta efni, hefir með atkvæðafjölda verið lýst yfir, að ekki væri neitt á móti því, að prestinum yrði leyft að setjast að í Hvammi; — þar eð sömuleiðis meiri hluti sóknarnefndarinnar í Akureyrar sókn álitur, að sóknarpresturinn sje hentugar settur í Hvammi en á Akureyri, þó að minni hlutinn hins vegar álitir, að það myndi að vísu að sumu leyti haganlegra fyrir Akureyrarbæ, að presturinn byggi þar; en í tilliti til prestsþjónustunnar sjálfrar álitur hann það ekki miklu skipta, með því að Hvammur er að eins meðalbæjarleið frá Akureyri; en það álitur hann svo sem engu skipta, hvort presturinn býr á Hvammi eða á hinum jörðunum, sem eru rjett í grennd við bæinn, og sem ofan-nefndur konungsráskurður virðist leyfa honum að búa á; — og þar eð loksins sóknarnefndirnar í öðrum söknum þeim, er heyra prestakallinu til,